



**LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA**

**Skýrsla vegna átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og
markaðsmálum skógræktar**



Nóvember 2019

Efnisyfirlit

Skýrsla vegna átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og markaðsmálum skógræktar	1
Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Formáli	3
Staðan í dag	3
Verkefnin.....	3
Félagastarfið	3
Aðalfundur LSE	3
Málþing um viðargæði og afurðir	3
Samvinna við Bændasamtök Íslands	4
Viðarmagnsúttekt á landsvísu	4
Samanburður á gæðamati trjáa með LIDAR gögnum og hefðbundnum aðferðum	4
Íslenskt timbur: -Vöruhönnun -Viðargæði -Viskumiðlun.....	4
Vöruhönnun úr íslensku timbri	5
„Skógarfang“	5
„Gæðafjalir“	5
TreProX.....	5
Jólatré	5
Danmerkurferð	5
Tengsl við Skandinavíu.....	6
Upplýsingagjöf og kynningarstarf.....	6
Námsekið og ráðstefnur	6
Fundir og hagsmunagæsla.....	6
Kostnaður	7
Fjárhagsáætlun 2020	8

Inngangur

Skýrsla vegna framlaga úr ríkissjóði til Landssamtaka skógareigenda (LSE), sem ætluð eru til átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og afurðarmálum. Markmið framlaganna er að auka áframvinnslu hráefnis, vöruþróun, vöruframboð og stuðla að aukinni arðsemi skógræktar.

Formáli

Landssamtök skógareigenda (LSE) voru stofnuð í júní 1997. LSE eru regnlífasamtök fimm aðildarféлага, eitt á hverjum landshluta. Enn er gróðursetning aðal starfssemin hjá skógarbændum en alltaf kemur það á óvart hversu vel skógarnir vaxa. Sumir skógarbændur eru farnir að vinna timbur úr skógum sínum og jafnvel selja til frekari vinnslu. Sem fyrr ætla samtökin að halda áfram að vinna í að minna á sig út á við, efla sína félagsmenn inn á við og brýna stjórnvöld fyrir mikilvægi skógræktar. Verkefnin hjá LSE orðin fjölbreyttari og veigameiri en áður enda mikið í húfi fyrir skógarbændur og íslenska þjóð.

Staðan í dag

Skrifstofa framkvæmdastjóra LSE eru í Bændahöllinni við Hagatorg í Reykjavík. Stjórn LSE hefur haldið sex stjórnarfundum það sem af er ári. Sem fyrr ræðir stjórnin helstu stefnur og verkefni sem eru á döfni. Á skógarbóndi.is má sjá nánari umfjöllun um marga af neðangreindum liðum ásamt fundargerðum flestra stjórna og nefnda.

Verkefnin

Verkefni LSE eru fjölbreytt. Sum geta verið skjót í afgreiðslu á meðan önnur taka lengri tíma. Nánar er gerð skil á þeim síðarnefndu er hér neðar.

Félagastarfið

Mikilvægt er fyrir forystu LSE vera í tengslum við félagsmenn. Framkvæmdastjóri mætti á fjóra aðalfundi af fimm.

Fjórir aðalfundir aðildarfélaganna eru venjulega haldnir á vorin eða snemmsumars. Framkvæmdastjóri og formaður LSE vilja vera í góðum tengslum við trjárótina í samtökunum og getað svarað spurningum þá og þegar þær koma. Sá vettvangur sem aðalfundir aðildarfélaganna eru tilvalinn til að segja frá störfum líðandi stundar sem og öllu því sem er fyrirhugað. Einnig myndast sterkari tengsl milli félaga of forystu. LSE vill hvetja félögin til dáða í þeirra störfum.

Aðalfundur LSE

Aðalfundur LSE var á Hótel Kjarnalundi við Akureyri, 11. október.

Aðalfundurinn í ár fór fram á einum degi, sem er ólíkt mörgum fyrri aðalfundum þar sem hann hefur verið haldinn yfir tvo daga. Fundurinn hófst kl 10:30 en ekki eftir hádegi eins og oft hefur tíðkast. Þetta fyrirkomulag krafðist töluverðs skipulags og undirbúnings. Nýbreytni var að formenn aðildarfélaganna fimm fengu hver og einn að halda stutta framsögu um störf síns félags. Þetta mæltist vel fyrir og komu upp ólík sjónarmið sem óvíst er að öðruvísi hefðu litið dagsins ljós. Tveir gestir fundarins ávörpuðu fundinn og voru það skógræktarstjóri og varaformaður Bændasamtaka Íslands. Fundurinn fór fram með hefðbundnu sniði og lauk tímanlega fyrir kvöldmat.

Málþing um viðargæði og afurðir

Málþing um viðargæði og afurðir var haldið á Hótel Kjarnalundi við Akureyri, 12. október.

Málþingið var haldið í tengslum við aðalfund LSE og var skipulag og undirbúningur aðallega á herðum framkvæmdastjóra LSE. Málþingið var samvinnuverkefni LSE, Skógræktarinnar, Skógræktarfélags Íslands, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og í kjölfar málþingsins var farið í skoðunarferð um Kjarnaskóg í boði Sólskóga ehf. og Skógræktarfélags Eyfirðinga. Málþingið hafði

verið lengi á teikniborðinu og var mikið til komið úr teymisvinnu (Gæðafjalir). Tímasetningin var engin tilviljun en um þessar mundir er skógrækt að fara skila af sér afurðum í meira mæli en áður, enda elstu skógar bænda orðnir um og yfir 30 ára. Til þessa hefur timburvinnsla að öllu leiti verið í höndum Skógræktarinnar og skógræktarfélaganna. Nýir tímar eru að eiga sér stað og verður Fagráðstefna skógræktar 2020 einnig tileinkuð viðarafurðum.

Samvinna við Bændasamtök Íslands

Umhverfisstefna landbúnaðarins er í vinnslu og áætlað að starfi nefndarinnar ljúki snemma árs 2020.

Framkvæmdastjóri situr í nefndinni og fjallað er um hvernig megi minnka losun kolefnis og hvernig unnt sé að binda kolefni á býlum í sveitum landsins. Hvað bindingu á kolefni varðar fer mikið fyrir skógrækt og skjólbeltarækt. Aðgerðir í loftslagsmálum er hitamál meðal bænda og getur því reynst snúið að koma stefnu á framfæri sem allir una sáttir við. Reikna má með enn frekari starfi LSE inn í önnur mál hjá Bændasamtökunum á næstu misserum.

Viðarmagnsúttekt á landsvísu

Styrkur 1. Skógræktin leiðir verkefni um viðarmagnsúttekt í skógum með „LiDAR“-tækni. Verkefnið er unnið að mestu leiti af Svarma ehf. en LSE kemur að verkefninu sem meðumsækjandi í styrkumsókn í Framleiðnisjóð, þar sem útkoma verkefnisins mun nýtast skógarbændum.

Skipta má verkefninu upp í tvær ólíkar skógmælingaaðferðir. Sú fyrri er hefðbundin og byggir á mælingum gerðar af jörðinni, inni í skógi. Hin aðferðin er að ryðja sér til rúms víða um heim og byggir á flugi yfir viðfangsefnið, skóginn. Á flygildinu (dróni) eru ýmis mælitæki. Eitt þeirra er LiDAR mælitæki, það eina sinnar tegundar á landinu, en það mælir með mikilli nákvæmni landið sem flogið er yfir og býr til nákvæmt punktaský. Út úr punktaskýinu má reikna út hæð og tegund einstakra trjáa, viðarmagn, umfang og fleira. Starfsmenn Svarma ehf. sjá um útreikningana úr LiDAR gögnum. Mældir voru reitir á Fljótsdalshéraði með báðum aðferðum og sýna fyrstu niðurstöður að hefðbundnu aðferðirnar eru áreiðanlegri. Endanlegar niðurstöður eiga að liggja fyrir í maí 2020. Við skil á lokaskýrslu fæst styrkurinn greiddur að fullu til Skógræktarinnar.

Samanburður á gæðamati trjáa með LIDAR gögnum og hefðbundnum aðferðum

Styrkur 2. Skógræktin leiðir verkefni um Viðarmagnsúttekt á landsvísu. Viðbótarstyrkur frá Umhverfisráðuneytinu fékkst til að meta viðargæði í skóginum samhliða öðrum mælingum. Styrkuppþæð var 1,5 milljón.

Skógræktin hefur yfirumsjón með verkefninu og var því lýst hér að framan. Fyrstu niðurstöður benda til þess að ekki sé ákjósanlegt að meta viðargæði uppistandandi trjáa með þessari aðferð. Endanlegar niðurstöður eiga að liggja fyrir í maí 2020.

Aðdragandi styrkjarins er frá árinu 2017 en þá var lagt upp með stórt og fjárfrekt samvinnuverkefni við Skógræktina. Fjármögnun gekk ekki upp en bundnar voru vonir við fjármagn frá Framleiðnisjóð Landbúnaðarins sem hafnaði umsókninni. Umhverfisráðuneytið hafði þá þegar veitt verkefninu brautargengi með styrkuppþæð 1,5 milljón og var upphæðin að hluta greidd úr þá og þegar til LSE. Vegna breyttra aðstæðna var verkefnið minnkað og aðlagð fjármagni. Ráðuneytið veitti þá styrkinn á nýjum forsendum. Þegar þetta er skrifað bendir allt til að verkefnið klárast á vordögum 2020. Við skil á lokaskýrslu fæst styrkurinn greiddur að fullu til LSE, sem áfram greiðir til Skógræktarinnar.

Íslenskt timbur: -Vöruhönnun -Viðargæði -Viskumiðlun

Styrkur 3. Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti að veita LSE 1,5 milljón í styrk samanlagt fyrir þrjú verkefni : -Vöruhönnun -Viðargæði - Viskumiðlun.

Vöruhönnunin var í höndum Björn Steinars Blumenstein, vöruhönnuðar. Viðargæði og viskumiðlun er að í aðalatriðum unnið af tveimur teyimum, sem tengjast mjög innbyrðis. Teymin hafa fengið nöfnin „Skógarfang“ og „Gæðafjalir“. Fjallað er nánar um vinnuna í næstu þremur köflum. Við skil á lokaskýrslu til Framleiðnisjóðs fæst styrkurinn greiddur að fullu, sem má vænta að verði að vorlagi 2020. Útlagður kostnaður á árinu 2019 þ.a.l. enn á herðum LSE.

Vöruhönnun úr íslensku timbri

Vöruhönnunin er í höndum Björn Steinars Blumenstein, vöruhönnuðar.

Björn vann að kortlagningu og úrvinnslu á viði úr íslenskum skógum. Hann gaf út bók í tengslum við rannsóknir sínar. Björn bjó einnig til húsgagnalínu sem hann kynnti á Hönnunarmars við góðar undirtektir. Verkefninu gerði hann skil á Málþingi sem haldið var í október. Björn hefur fengið 400.000 kr. greitt fyrir hans fyrir sitt framlag. Verkefnið er unnið í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur, Skógræktarfélag Íslands og Skógræktina.

„Skógarfang“

Teymi, sem fékk nafnið „Skógarfang“, vinnur að uppbyggingu markaðs- og afurðamála undir forystu LSE. Teymið var sett á laggirnar í 2017 og er stefnt er á að teymið skili af sér lokaskýrslu snemma á árinu 2020.

Í teyminu eru þrír fulltrúar frá LSE og þrír fulltrúar frá Skógræktinni. Hópurinn hélt fimm fundi á árinu: þrír í Bændahöllinni, einn í fjarfundabúnaði og einn á Austurlandi. Rætt er um afurðir og markaðsmál. Áætlað er að fyrstu drög af lokaskýrslu af vinnu teymisins verði klár fyrir lok árs 2019.

„Gæðafjalir“

Teymi, sem fékk nafnið „Gæðafjalir“, vinnur að viðargæðum, gæðastöðlum í timbri, vottunum og kennsluefnis. Hópurinn var settur á laggirnar 2018 og er stefnt á að hann ljúki starfi sínu 2020-2021.

Teymið er skipaður 5 fulltrúum. Formaðurinn kemur frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Framkvæmdastjóri LSE situr í nafni LSE, einn fulltrúi er í nafni Skógræktarfélags Íslands, einn frá Landbúnaðarháskóla Íslands og þrír frá Skógræktinni. Öll verkefni lúta að timbri. Verið er að innleiða CE-timburstaðla, vistsporavottun og kennsluefnis í nánu samstarfi með kolleikum frá Svíþjóð. TreProX verkefni fékkst í gegnum þessa vinnu.

TreProX

Reikna má með að TreProX-verkefnið eigi eftir að vera eitt stærsta happaspor sem skógargeirinn hérlendis hefur tekið í langan tíma. Nýlega fékkst stór Erasmus-styrkur og verður verkefninu fylgt eftir á næstu misserum.

Skógarvinnsla er að færast í aukana um þessar mundir hérlendis. Þekking á meðhöndlun viðarafurða er ekki auðsött og frekar afmörkuð. TreProX er samstarfsverkefni milli íslendinga, Svía og Dana um þekkingarmiðlun til þeirra sem vinna við timbur og sögun. Það er mikilvægt að þekkingin eflist og viðhaldist hérlendis því skógarauðlindin er komin til að vera.

Jólatré

LSE hefur allar götur lagt áherslu á markaðssetningu og ræktun jólatrjáa. Mál jólatrjáa lágu svo að segja í dvala þetta árið.

Lagt var upp með 10 ára verkefni sem gekk út á að efla jólatrjáaræktun og þekkingu hérlendis. Það myndi skila sér í skilvirkari og aukinni ræktun jólatrjáa á landsvísu. Verkefnið var lagt fyrir UAR og fékk jákvæða umfjöllun. Til að hægt væri af fara af stað með það þyrfti fjármagn að fylgja með. Það fékkst ekki. Ætlunin er að leita annarra leiða til að hefja þetta starf.

Danmerkurferð

Í ágúst fóru 36 fróðleikspyrstir skógarbændur í ferð til Jótlands/Danmerkur.

Ferðin var farin af frumkvæði tveggja skógarbænda. Framkvæmdastjóri LSE sá um yfirbyggingu ferðarinnar hérlendis en skipulag heimsóknna í Danmörku var í höndum tveggja heimamanna.

Tengsl við Skandinavíu

LSE var boðið að senda áheyrnafulltrúa á Norrænan Skógarbænda-Fund (NSF, Nordic Family Forestry) í september.

Framkvæmdastjóri LSE mætti á fundinn. Þarna voru kolleikar í forystusveitum skógarbænda frá Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku ásamt fulltrúa CEPF (Confederation of European Forest Owners). Á fundinum var rætt um stefnu og straua í Evrópskum skógarmálum og þá sér í lagi Skandinavískum því þau lönd eiga mikið undir. Framkvæmdastjóri LSE hélt erindi um skóga Íslands og kynnti starf LSE á fundinum.

Upplýsingagjöf og kynningarstarf

Upplýsingagjöf til skógarbænda, sem og annarra áhugsama skógræktendur, er brýn í nútímaþjóðfélagi og stundum erfitt að koma fréttum og fróðleik á framfæri. Náíð samtarf er við Bændablaðið og birtir það áhugaverðar greinar sem unnar eru í nafni LSE. Auglýsingar í fjölmiðlum er liður í að upplýsingagjöfni. Heimasíða LSE, skogarbondi.is, er mjög virk. Þar má nálgast fréttir, fróðleik og ýmislegt fleira.

Alltaf er þörf á aukinni upplýsingagjöf, sé hún skilmerkilega meðhöndluð. Félagsmenn LSE leita sífellt í þekkingu, fróðleik og fréttir. Heimasíða LSE er mjög virk og einnig Facebook síða LSE. Ánægja er meðal félagsmanna með heimasíðu LSE. Þó má alltaf laga og bæta. Sú vinna er í sífelldri þróun. Greinar í nafni LSE eru birtar í Bændablaðinu og er um mjög gott samstarf að ræða milli Bændablaðsins og LSE. Það sem af er ári 2019 er búið að birta 13 greinar og væntanlega á enn eftir að birta eitthvað. LSE auglýsir einnig starfsemi sína í öðrum fjölmiðlum þegar svo ber undir.

Námsekið og ráðstefnur

Námsekið og ráðstefnur eru sóttar þegar þær eru á boðstólum. Einnig nýtir LSE þau tækifæri sem þau geta til að halda framsögur og kynna starf LSE.

Framkvæmdastjóri sat eitt dagsnámsekið á árinu. Það var hjá LBHÍ og var í gerð umhverfisskýrslu. Formaður og framkvæmdastjóri héldu nokkur erindi um skógrækt og störf LSE á árinu.

Fundir og hagsmunagæsla

Í mörg horn er að líta þegar kemur að fundahöldum. Hér á undan hafa verið taldir upp fjöldi funda en auk þeirra ber að nefna fundi sem snúa enn frekar að hagsmunum skógarbænda.

Á árinu voru haldnir 6 stjórnarfundir og fóru fimm þeir fram í Bændahöllinni og einn í fjarfundabúnaði.

Tveir samráðsfundir við Skógræktina skulu að vera haldnir ár hvert. Þar er helst rætt um tillögur af aðalfundi LSE, taxtar og fleiri mál sem snúa að skógrækt í stóru sem smáu samhengi. Stærsta ágreiningsefnið þetta árið, sem fyrr, voru girðinga; stofnkostnaður og viðhaldsgreiðslur.

Formenn aðildarfélaganna LSE og stjórn LSE áttu tveggja daga fund í byrjun árs.

Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund með fulltrúum Sambands Íslenskra sveitafélaga. Rætt var um samræmingu framkvæmdaleyfa og hvernig best sé að hvetja sveitafélög til að halda kolefnisbókhald.

Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund með fulltrúum hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi um möguleikann á að sjávarútvegurinn kæmi að fjármögnun skógræktar ef stjórnvöld tækju vel í afslátt á kolefnisskatti.

Framkvæmdastjóri sat í undirbúningsnefnd Fagræðstefnu skógræktar 2019, sem að þessu sinni var á Hallormsstað og voru loftslagsmál til umræðu.

Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund með umhverfisráðherra og aðstoðarmönnum hans á Hallormsstað. Fundarefnið var fjárframlög til skógræktar, jólatré og boðun ráðherra á aðalfund LSE í október.

Með nýjum skógræktarlögum hófst vinna við landshlutaáætlun í skógrækt og situr einn fulltrúi frá LSE í þeirri nefnd.

Bændasamtök Íslands vinna gott starf í samvinnu við aðildarfélögin. LSE er þar engin undantekning og hefur framkvæmdastjóri mætt vikulega á stutta fundi því lútandi ásamt ýmsu öðru starfi.

Umsagnir frumvarpa og álíka mála. LSE skilaði inn þremur umsögnum í samráðsgátt alþingis sem snéru að Miðhálandisþjóðgarði, nýrra skógræktarlaga og svæðisbundinn flutningsjöfnuð. Einnig kvartaði LSE formlega yfir ummælum Trausta Baldurssonar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands vegna opinbera ummæla um skógrækt. Kvörtunin var send í tölvupósti, 6.júní, á umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Kostnaður

Greiðslur úr rammasamningi til LSE hafa gert það að verkum að starf samtakana hefur eflst til muna. Skógarbændur njóta helst góðs af því þó vissulega telur forysta LSE sig einnig vera að vinna fyrir þjóðarhag. Eins og áður hefur komið fram eru verkefni fjölmörg og umfangið mis mikið. Vinna unnin af framkvæmdastjóra og/eða stjórn LSE yfir árið er ekki fastsett í hendi en reynt verður að gera skil á kostnaði innan og milli verkefna eins vel og kostur. Ekki er fjallað um aðra utankomandi styrki í eftirfarandi töflu, enda hefur þeim verið gert skil í fyrri köflum.

Greining á kostnaði verkefna.

Starf með aðildarfélögunum	500.000
Aðalfundur LSE	1.500.000
Málþing um viðargæði og afurðir	1.500.000
Samvinna við Bændasamtök Íslands	500.000
Vöruhönnun úr íslensku timbri	400.000
„Skógarfang“	600.000
„Gæðafjalir“	800.000
Jólatré	100.000
Danmerkurferð	500.000
Erlend samskipti	700.000
Kynning	500.000
Heimasíðan, skogarbondi.is	1.800.000
Fræðsla og greinaskrif	1.200.000
Fundir og hagsmunagæsla	1.100.000
Akstur og fundarkostnaður	800.000
Sérfræðikostnaður	800.000
Skrifstofukostnaður	800.000
Bókhald	900.000
Samtals	15.000.000 kr.

Fjárhagsáætlun 2020

Á síðasta aðalfundi LSE var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

<u>Rekstrartekjur:</u>	<u>Áætlun 2019</u>	<u>Áætlun 2020</u>
Félagsgjöld	2,500,000	2,500,000
Aðrar tekjur, Fram.l.sj. Styrkir	400,000	1,175,000
Vaxtatekjur - vaxtagjöld	50,000	50,000
Verkefnasamningur við ríkið	15,000,000	15,000,000
Tekjur alls	17,950,000	18,725,000
<u>Rekstrargjöld:</u>		
Kostnaður vegna aðalfundar	1,000,000	1,000,000
Funda og viðskiptakostnaður	350,000	400,000
Auglýsingar	200,000	250,000
Ferðakostnaður	1,300,000	1,000,000
Stjórnar- og fundarkostnaður	1,000,000	2,000,000
Þóknun til stjórnarmanna	3,000,000	1,000,000
Ráðstefnur og námskeið	400,000	500,000
Sérfræðiþjónusta	1,250,000	600,000
Rekstur tölvukerfa	180,000	180,000
Laun og launatengd	7,500,000	9,500,000
Rekstur skrifstofu	70,000	70,000
Húsaleiga	600,000	700,000
Sími, burðargjöld, áskriftargjöld	180,000	100,000
Pappír,prentun,ritföng	60,000	60,000
Heimasíða	100,000	100,000
Ný verkefni, úrvinnsla,styrkir	700,000	1,175,000
Þjónustugj- og bankakostnaður	60,000	50,000
Gjöld alls	17,950,000	18,685,000
Rekstrarniðurstaða tímabilsins	0	40,000

Með kærri þökk fyrir veittan stuðning
Hlynur Gauti Sigurðsson
framkvæmdastjóri LSE
hlynur@skogarbondi.is